

NÝALL

(The discovery of the way out)

Ultra religionem, non contra.

I

Nýall heitir svo af því að hann er fyrsta bók hins nýja tíma, fyrsta bókin á jörðu hér, sem skrifuð er af þekkingu á tilgangi lífsins. Og á framhaldi lífsins. Því að það er ekki um þekkingu að ræða meðan haldið er að lifað sé áfram í andaheimi. Sú trú er dysexeliktisk, dugar ekki til þess að komast á hina réttu leið. Meðan menn halda slíkt, skilja þeir ekki þetta, sem er sjálft aðalatriðið, sem skilja þarf: Lífið er þáttur einmitt í þessum heimi, og lífið á jörðu hér þáttur í öllu lífi, en þáttur sem er að fúna og visna, og mundi eyðileggjast á hryllilegan hátt, ef ekki næðist sú samstilling við fullkomnari verur, sem aldrei getur tekist, meðan verið er á trúarbragðastiginu. Hér er ekki verið á móti trúarbrögðunum, heldur lengra komið. Mönnum hafði verið kennt að trúa á eilífð, þar sem þeir væru knékrjúpandi, framfallandi og sífellt lofsyngjandi hirðmenn hjá nokkurskonar yfirhöfðingja. Nýall kennir, að öll vera stefnir til að verða hin æðsta vera.

II

Nýall er umfram allt, vísindaleg bók. Hann byggir á öllu því, sem best hefir stefnt í vísindum og heimspeki áður, og lagar og eykur við á þann hátt, að með honum hefst fyrst í sannleika öld vísindanna á jörðu hér. Vilji menn fá svar við því sem þeim er mestur hugur á að vita, þá leita þeir annað en til vísindanna — og fá þarafleiðandi ekki neitt svar sem dugi. Öðruvísi verður þegar Nýall kemur til sögunnar. Nýall

veit einmitt það, sem mönnum er mestur hugur á að vita. Hann er sigurbók vísindanna. En sá sigur sem hér ræðir um, er einskis ósigur nema hins ranga. Þar sem allur hugurinn verður á því að eyðileggja einhvern óvin, þar er ekki hið rétta. Sannleikurinn sigrar með því að fá alla í lið með sér og bæta allra hag. Lítið á þennan mikla heim, þar sem vér lifum svo vesallega, af því að vér kunnum ekki að lifa. Dýrðlega ævi munum vér þar eiga, og alltaf dýrðlegri, þegar vér höfum lært að lifa af samtaka þekkingu.

Epagógík, íleiðslu- eða magnanarfræði, hefi ég kallað hin nýju vísindi, sem munu færa mannkyninu fullnaðarsigurinn yfir öflum hinnar líflausu náttúru. Og þó mætti segja, að þessi vísindi séu ekki alveg ný. Menn tala um ólífræna og lífræna efnafræði, anorganisk og organisk Kemi. Eins má skipta epagógíkinni í ólífræna og lífræna. Ólífræn eða anorganisk epagógík mætti segja að væri ekki ný, því að þar eru þau vísindi, sem fást við segulmagn og rafmagn. Ný er hin lífræna eða organiska epagógík, sú fræði sem fæst við lífmagnið, bioinduktion og slíkt, því að þar hefir ekki verið um vísindi að ræða áður. En að tala um epagógíkina í heild sinni, sem hin nýju vísindi, er þó ekki rangt, því að þar er nú yfirsýn, og þekkingin á lífmagninu mun hefja fræðin um segulmagn og rafafl, á hærra stig.

III

Nýall er fram kominn fyrir margra ára starf og langa leit. Hann er líkt og varða, hlaðin þar sem víðsýni er mest á jörðu hér. Þegar þar er komið, blasa við hinar tvær leiðir alls ferðalags, dysexelíxis, helvegurinn, sem eigi einungis er vegurinn til glötunar, heldur til ávallt geigvænlegri glötunar, og diixelíxis, hin rétta leið, sem blánar fram til hinnar óendanlegu fegurðar.

Bækur hafa miklu til leiðar komið, svo miklu, að langt er fram yfir það, sem flestir ímynda sér. En þó ætlar Nýall sér meira, en nokkur bók önnur á jörðu hér, því að hann ætlar að fá mannkynið til að taka leið hinnar óendanlegu framfarar. Og ekki þarf að hræðast, þó að byrjunin virðist vera lítil,

því að þetta er hin rétta byrjun, og ekki við því að búast, að á stjórnun, þar sem öll hin stórkostlegustu samtök hafa miðað til þess að eyðileggja, sé hin góða byrjun stórkostlegri en þetta.

IV

Lítum á gang sögunnar. Á einni lítilli, en þó svo stórri stjórnun, vex um hundruð milljónir ára líftegund fram af líftegund, uns loks er vaxið fram til vits. Loks kemur fram þessi vera, sem vitandi er vits, maðurinn. Og maðurinn byrjar að uppgötva sjálfan sig og heiminn. Hann uppgötvar stjórnurnar, en ekki fyrr en langa löngu seinna, að hann á sjálfur heima á stjórnun. Langófarsælastur er hann af verum þeirrar stjórnun. Hver tilgangurinn sé með þessu öllu saman, skilur hann ekki. Á glötunarvegi er verið, og líftegundin maður, byrjar að visna og deyja í toppinn, án þess að hafa getað orðið meira en vísir til manns. Rússneskar ástæður hjálpa oss til að skilja, að tugir og jafnvel hundruð milljóna muni geta hrunið niður á ekki mörgum árum, þegar komið er eindregið á hina illu leið.

Hér er það sem Nýall kemur til sögunnar, sýnir hvað að er, og hvert er ráðið til að rétta við. **Maður, þú sem vissir svo lengi ekki, að þú átt heima á stjórnun, vittu að þú átt að eiga heima á öllum stjórnunum. Allur þessi mikli heimur á að verða þitt heimkynni. Það er verið að skapa heiminn handa þér, og þú átt sjálfur að aukast svo að viti og mætti, að þú getir farið að taka þátt í þessari miklu smíð. Og á öðrum stjórnunum eru lengra komnir frændur þínir, fullir af löngun til að rétta þér hjálparhönd, þó að það geti ekki orðið, fyrr en þú hefir sjálfur vit til að rétta út höndina á móti.** — Þannig talar sú rödd, sem ekki hefir heyrst áður á þessari stjórnun. En veik er í fyrstu rödd sannleikans, og vel sé þeim, sem heyra hana þó. Það verður að muna eftir því, að allar aðrar raddir eru í helvíti sterkari en rödd sannleikans.

V

Þjóðræknir Íslendingar munu gleðjast yfir að sjá, hvernig hin íslenska lund rís gegn öllum örðugleikum af smáþjóðarskap og öðru böli, og tekur á friðsamlegasta hátt, forustu mannlegrar hugsunar. Nýall er til orðinn fyrir framhald þess hugsunarháttar, sem varð þess valdandi, að latínan — sem mér annars þykir svo vænt um — sigraði oss ekki, og íslenskar bókmenntir urðu til. Hann er nokkurskonar framhald af þessari stórkostlegu bók, sem kölluð er Landnáma, og segir frá því, hverjir fyrst byggðu þetta land, og hverskonar menn þeir voru. Hið fjarsta er mér, að lofa allar þeirra athafnir, en stórkostlegt fólk var það. Og þó átti það hér ennþá stórkostlegri niðja. Nýall sýnir nú fram á, í hvaða tilgangi Ísland var byggt, og hvers konar þáttur saga Íslendinga er í sögu alls mannkyns. Sjálfstæðishugurinn, sem varð til þess að Ísland byggðist, kemur hér fram sem sjálfstæð íslensk hugsun, sú hugsun sem veit, að hið sanna sjálfstæði er ekki einangrun — eins og svo mörgum virðist hætta við að halda, á þessum tímum — heldur hið rétta samband. Nýall er bók hins rétta sambands, einstaklinganna, þjóðanna, lífkynjanna á hinum mörgu stjörnum.

Án sjálfstæðis í hugsun, getur þjóð ekki orðið í sannleika sjálfstæð, eða fengið hið rétta samband við aðrar þjóðir. Hversu rangar hugmyndirnar um sjálfstæði geta orðið, má marka af því, að haldið hefir verið, að sjálfstæði Íslendinga þyrfti að hafa í för með sér erfiðari námsástæður Íslendinga í Danmörku, en áður, þó að Íslendingum sé einmitt á því hin mesta þörf, að greitt sé fyrir námi þeirra í öðrum löndum, eins og Nýall mun gera, þegar sannleikurinn sigrar.

VI

Hið eina sem Nýall hræðist, er að ekki sé nógu vandlega lesið. Og að vísu hefir mikið og erfiðlega á það vantað um öll þessi ár, að menn beittu greindinni gagnvart mér eins og þurft hefði. Og reyna þarf til þess að vita, hvernig ábaggi það er á þreytubyrði hins vökulúna, að verða að vera án þess stuðnings sem það er, og af því leiðir, að greindarlega sé

hugsað um starf manns og stríð.

En þó er hins meir að minnast, hversu það er þegar farið að koma í ljós, að ég hefi ekki oftreyt íslensku viti, þegar ég lagði á þessa Bröttubrekku sem tilraun mín hefir verið. Svo gáfaða lesendur hefir Nýall fyrir hitt, að ég hefi fengið að vita, bæði munnlega og bréflega, að til væru þeir menn, sem teldu þessa bók merkilegri en nokkra aðra.

Sitthvað sem sagt hefir verið í Nýal, til varnar gegn ranglátu vantrausti, hefir valdið nokkrum misskilningi þeirra, sem ekki hafa gætt að því, hve mikil þörf hér var á sannindum og einurð. En þó er ekkert Nýal fjær en ofmetnaður, eða það, að „þykjast einn vita allt“. Engum er eins ljóst, hver nauðsyn er á að verða samtaka, eins og vísindamanninum, sem hugsað hefir hugsunina um hina æðri lífheild, sem heitir hyperzóon, og enginn hefir meiri virðingu en hann fyrir góðu starfi annarra, eða er þakklátari fyrir samvinnu og drengilegar undirtektir. Vísindamaðurinn ver þannig kröftum sínum, að honum ríður jafnvel meira á því en flestum öðrum, að menn reynist honum vel, og hann sé ekki ber að baki í framsókninni. Og ef ekki er, gagnvart slíkum mönnum greindarinnar gætt sem skyldi, og drengskaparins, þá getur auðveldlega farið svo, að það bitni illa á þeim og þeirra nánustu, að þeir hafa varið kröftum sínum til að vinna það sem þó er í allra þágu unnið. Mönnum ríður á að gera sér ljóst, hversu mjög það stendur fyrir öllum mannrifum, að nokkur tegund af refsingu sé lögð við snilld vísindamannsins, og þeim áhuga sem veldur því, að hann ver ekki orku sinni til þess að rannsaka, hvernig auðgast megi og eflast af þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru, heldur til að auka þekkingu. Sé nú ekki greindarinnar gætt gagnvart slíkum manni, þá getur svo fjarri farið því sem rétt væri, að fimmtugur sé hann ekki talinn eiga tilverurétt í sínu þjóðfélagi, jafnvel þó að hann hafi að mjög verulegu leyti, uppgötvað land sitt og þjóð, og jafnvel heiminn, og sé í þeim efnum sem umskiptum veldur að vita, leiðtogi mannkynsins.

Framtíðinni mun þykja fróðlegt að sjá, hversu lítils það gat orðið metið, á þessum myrkratímum og misklíðar, sem

enn þá eru, að verja ævi sinni til rannsókna og ritmenntar, með þeim árangri sem Nýall sýnir.

En að umskiptum nokkrum dregur nú á minni ævi. Samstirningar mínir munu nú fara að reynast mér nokkru nær en áður, því sem þörf er á, eigi einungis mín vegna, heldur sjálfra þeirra. Og á Alþingi sitja nú þeir atgervismenn, að ég tel líklegt mjög, að þeir muni vilja þakka mér Nýal og 25 ára starf, á svo drengilegan hátt, að aukning erfiðleika af fjárskorti verði ekki til að gera enda á starfi mínu og ef til vill lífi, eins og réttast er að bæta við, vegna þess hve nærri takmörkum þess að lífið væri óbærilegt, hefir tafist verið og unnið. Það er erfitt í helvíti, að finna sannleikann, og þó ennþá erfiðara að hafa fundið hann.

Bestu þakkir kann ég öllum þeim, sem á einhvern hátt eru samverkamenn mínir, og þátt eiga í því, að bók þessi getur fram komið. Og verður þeirra betur minnst síðar.

Loksins eru þá öll komin þessi upphafsmál nýrrar aldar, þrátt fyrir allar hinar erfiðu stundir. Og þrátt fyrir allar þær stundir, hefir þó bókin frammar tekist, en ég gerði mér vonir um, þegar frumdrög Nýals fóru að skapast í huga mínum, eins og varð þegar ég var kominn svo hátt í hlíð, að geta áttað mig á hinum tveimur stefnum verðandinnar. Vitrum lesanda mun það nægja til fullkomins trausts á Nýal, að sjá hversu mikil framförin er í bókinni. Því að einungis þar sem verið er á hinni réttu leið, getur þannig orðið. Og þrátt fyrir allt sem á vantar, þá hefst þó með Nýal, aftur hinn stóri stíll í bókmenntum Íslendinga, og það svo, að nú eru seglin hærra nokkru dregin en áður var, og þó á öruggum kili siglingin.

Og „njóti nú hver sem nemur“.

26. mars 1922